



Barði Guðmundsson. *Regn á Bláskógarheiði í Alþýðublaðinu.*

Bjarni Benediktsson – Stjórn­mál – Dóms­mála- og Utanríkisráð­herra – Barði Guðmundsson – Regn á Bláskógarheiði – Alþýðublaðið

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórn­málamaðurinn
Askja 2-11, Örk 7

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Barði Guðmundsson:

Regn á Bláuskógaheiði.

EG hefi leyft mér að gera ráð fyrir því, að víðræða Flosa og Hildigunnar í Vörðsbæ hafi ekki átt sér stað. Ég hugði samt að samtalið væri í meginatriðunum sannsögulegt og hefði farið fram í stofunni á Valþjófsstað, milli Þorvarðar Þórarínssonar og húsfreyjunnar þar, júnidag nokkurn árið 1255. Þar sem heimildir geta þess hvergi, að Þorvarður og Randalín hafi rædd við um eftirmál Odds Þórarínssonar, munu menn undrandi spyrja: Til hvers er að vera með slíkar bollaleggingar? — En það er nú svo að krókaleiðir heimildagagnrýnnar eru margvíslegar. Ef vér fylgjum einni þeirra, má sjá að það er ekki úr vegi, þótt gert sé ráð fyrir slíkri víðræðu á Valþjófsstað þann 27. júní 1255. Meira að segja munum vér einnig fá hugboð um veðurlagið á Bláuskógaheiði hálfum mánuði síðar, þótt heimildirnar steinþegi líka um þetta atriði, sem von er til.

Þá er Hildigunnur og Flosi höfðu lokið hinni eftirminnilegu samræðu sinni, beið Flosi ekki boðanna, sté á bak hesti sínum sem bundinn beið fyrir dyrum,

og reið til alþingis. Þar var brátt tekið til meðferðar vígsmál Höskulds, og fáum vér nú að sjá það svart á hvítu, hvers konar málalok Flosi hugðist að una við. Hann svarar sáttatillögum Síðu-Halls á þessa leið: — Það vil ég yður kunnugt gera fyrir orð Halls mágs míns og annara hina beztu drengja, að hér geri um sex menn af hvorra hendi, löglega til nefndir. Svo varð það. Vígsmálið er lagt í gerð, og nefna þeir Flosi og faðir mannanna, sem höfðu drepit föstbróður sinn „meira en saklausan“, sína sex mennina hvor til gerðarinnar, eins og hér væri að ræða um deilu þar sem aðiljar báðir hefðu mikið til síns máls. Gerðaruppsögnin reyndist svo verri en vænta mátti. Engar utanferðir — engar héradssektir hinna málsbótalaus manndrápara; aðeins þrenn mann manngjöld. Og svo vorkunsamir voru dómaramir við afbrotamennina, að þeir tóku það sjálfir að sér, að greiða helming þessa fjár. Þingheimur lét ekki á sér standa að aura saman í sjötta hluta gjaldanna. Féllu þannig aðeins venjuleg manngjöld í hluta vegendanna fimm til greiðslu. Var

það sannarlega vel sloppið og létt að verðleikum.

Hinn stolti Svínfellingagoði ætla að ganga að þessum kostum. Þá verður það sóma Flosa til happs að Skarphéðinn ærumeiðir hann og tekur Flosi nú loks þá ákvörðun að láta sverfa til stáls. Þegar svo var komið málunum mælti Njáll: „Nú kemur það fram, sem mér sagði löngu hugur um, að oss myndi þungt falla þessi mál“. „Eigi er það“, segir Skarphéðinn, „því að þeir mega aldrei sækja oss að landslögum“. Þá mun það fram koma, segir Njáll, er öllum mun verst gegna“.

Frásögn þessi öll er fráleitt í því orsakasambandi sem hún er ofin inn í. Það er næsta ógeðfelt að heyra Skarphéðin segja þannig sem málstaður hans var „Þeir mega aldrei sækja okkur að landslögum“. En út yfir tekur þó að Flosi skuli vera látinn bjóða það fram að sættast á jafna hönd. Þannig að gerðardómur útnefndur af báðum aðiljum skuli ráða málalokum. Víst má telja að fyrirmyndir úr reynd höfundar valdi nokkru um veiturnar. Og er þessa naumast ýkjlangt að leita.

Hinn 20. júlí 1255 var Þorvaldur Þórarínsson kominn til Eyjafjarðar eftir fjöggra vikna ferðalag frá Hofi í Vopnafirði suður um land og norður þangað. Þenna dag stóðu nú loks Þorvarður og Þorgils Bøðvarsson

andspænis þeim Eyjólf og Hrafn Oddsyni, reiðubúnir til þess að láta vopnin skera úr deilumálunum ef sættir næðust eigi. Ábótinn á Múnka-Þverá Eyjólfur B. andsson fór á milli fyrimannaanna með friðaræðum. — Her þeirra Þorvarðar hafði tekið sér stöðu í Þórunnarey. Þangað kemur ábóti frá fundi sínum við þá Eyjólf og Hrafn sem biðu átektu hjá Rauðahjalla. Skýrir Þórður Hvítningur sem var með Þorvarði svo frá þessu:

„Litlu síðar kom ábóti í Þórunnarey og segir þeim Þorvarði og Þorgilsi sættaumleitun þá, er hann hafði haft við þá Hrafn og Eyjólf. Kvað hann þá bjóða að leggja mál þeirra Þorvarðs öll undir jafna hönd og sættast að því, — en skilja undan **héraðs-sektir og utanferðir** og ríki þau öll er Þórður Sighvatsson hafði þeim skipað. Töluðu þeir þar margt um. Var Þorvarður ekki fjarri sættum og gerði þann kost að mál þeirra mundi fara í **jafnaðardóm**, en Eyjólfur skyldi fara utan og láta lausar sveitir. Hrafn skyldi hafa sveitir sínar vestur í fjörðum og vera eigi vistum fyrir sunnan Gilsfjörð. Ábóti mælti: Hér langt í millum. Þeim þótti Oddur hafa unnið til óhelgi sér og gerst óhæfur í héraði, er hann tók með ráni og hét þeim aðförum, — en Eyjólfur sagðist hafa konungsbréfi og skipan í Skagafirði, — þóttist eiga

stórsakir á Þorgilsi — fyrir aðfarir, **en vera saklaus**“.

Þórður Hvítningur hefir bæði fyrr og síðar í sögunni af mági sínum Þorgilsi skarða gert mikið úr þeim drengskap sem Þorgils hafi sýnt Þorvarði, með því að veita honum til hefnda eftir Odd Þórarínsson. Hér fellur sú spilaþing í rústin. Þórður blæs hana niður sjálfur með fyrgreindri frásögn af sáttumleitunum fyrir Þverárfund. Þorvarður er reiðubúinn til þess að fallast á jafnaðardóm milli þeirra Eyjólf og sættast að því, en setur það skilyrði, að Eyjólfur láti lausan Skagafjörð og Húnaþing og fari utan. Á þessu atriði strandar sættin milli hinna gömlu samherja, sem báðir vildu nú fá mál sín útklæð á fríðsamlegan hátt og af fullum drengskap. Í stuttu máli sagt: Það er „drengskapar-máðurinn“ Þorgils Bøðvarsson, sem girðir fyrir alla sáttamöguleika. Réttari viku fyr hafði Þorgils knúit Þorvarð til þess að gefa heit um það, að sættast eigi við Eyjólf — sem honum stóð hugur til — nema Eyjólfur léti af hendi við Þorgils Skagafjörð og Húnaþing og Þorgils þættist vel sæmdur af málalokum. Þegar alt kemur til alls var því orustan á Þveráreyrum ekki háð út af drápi Odds Þórarínssonar, heldur vegna valdagræðgi Þorgilsar skarða. Fyrir tilstilli þessa vandræðamanns bárust á-

gætustu menn landsins á hana spjótum þann 20. júlí 1255.

Þegar engu varð þokað um þau skilyrði Þorvarðar og Þorgilsar að Eyjólfur færi utan og léti af hendi héraðin, reið ábóti aftur til fundar við þá Hrafn. — Nú skedur það merkilegasta í þessari frásögn. Ofurhuginn Eyjólfur Þorsteinsson, sem sagt gat með sannri: „Þeir mega aldrei sækja oss að landslögum“, lætur í legga um það, að fallast á krókuna um utanferð. — en hann aftók með öllu að láta héraðin laus við Þorgils skarða. Vegna hvers vill hann ganga svo langt til samkomulags við Þorvarð, þótt hann hefði lið betur búið og sigurvænlegra — en sjálfur manna öruggastur til allra stórræða? Því er auðsvarað. Hin gamla vinátta þeirra hvílir sem mæta á framkvæmdarvilja hans í þessari deilu, og hann vorkennir Þorvarði bróðurmissinn. Eyjólfur vill umfram alt sættast; en að fórna sæmd sinni til sáttarþóta, það vill hann ekki. Farast Þórður Hvítningur svo orð um lok sáttatillraunanna:

„Tók Eyjólfur eigi fyrir utanferð að sumri, en þverknýtti að láta hérað fyrr en það væri konungsvilji; en Hrafn var í allri sætt tregari, og fúsari að berjast. Þóttust þeir hafa sanna frétt, að lífsafli var litill, en búningur minni. Hafði þeim og jafnan veitt léttilega að berjast, og hugðu

Barði Guðmundsson:

Regn á Bláskógaheiði.

Nl.

Um það þarf ekki að ræða, hvort Þorvarður hafi leitað fulltings Hálfðánar og Rangæinga til eftirmálsins. Það er sjálfgefið. Og jafn víst er það, að Hálfðán hefir viljað alt til vinna, að komast hjá því, að veita tengdasyni sínum að þessu máli, og það gerði hann ekki fremur en Ingjaldur Flosa, þrátt fyrir tengdirmar. Lætur að öllum líkum, að Hálfðán hafi mælt á þessa leið: „Við vant er eg um kominn fyrir tengda sakir við Hrafn og Eyjólf og annara stórra hluta er hér hvarfa í milli.“ — Svo sem kunnugt er, áttu þeir Hrafn og Eyjólfur bróðurdætur Steinvarar á Keldum. Og þeir stóru hlutir, „er hér hvarfa í milli,“ eru auðfundnir. Auk tengdanna var Hálfðán bundinn tryggðum við þá Eyjólf til varna um ríki Þórðar kakala. Af þessum sökum er Keldnabóndinn Ingjaldur látinn eiga svo ákaflega bága aðstöðu til eftirmálsins, er Flosi vill knýja hann til liðsinnis. Má nú einnig skýra orð Flosa: Það ætlaði eg, þá er eg gifti þér bróðurdóttur mína, að þú hétir mér því, að veita

mér að hverju máli“. Þau hafa hljóðað eitthvað á þessa leið: Það ætlaði ég, er þú giftir mér dóttur þína, að þú hétir mér því, að veita mér að hverju máli.

Aðfaranótt laugardagsins 11. júlí hefir Þorvarður gríst að Laugarvatni. Er hægt að færa beina sönnun fyrir því, að nokkra dvöl hefir hann átt þar í sveit á ferð sinni. Nokkru síðar dreymdi 16 ára gamla stúlku draum mikinn um Þorvarð. Hún hét Jóreiður Hermundardóttir og átti helma í miðjum dal skamt frá Laugarvatni, segir söguritarinn. Jóreiður þóttist vera úti stödd þar á hlaðinu í Miðjum dal. Kom þá að henni kona á gráum hesti; Jóreiður þóttist spyrja hvaðan hún kæmi. „Norðan kom eg að úr násheimi,“ segir draumkonan. „Hvað veiztu til Þorvarðar?“ segir mærin. „Það veit ég allt gerla“, segir draumkonan og kvað vísur þrjár, sem tilfærðar eru.

Sex nóttum síðar dreymdi Jóreiði aftur konu þessa. Sagðist hún vera komin norðan úr sveitum. Spyr Jóreiður þá sömu spurningar: „Hvað veiztu nú til Þorvarðar?“ Svaraði draumkon-

an með vísu, er hefst svo: „Nú er Þorvarði þröngt um hjarta.“

Öll frásögnin um draumarugl hinnar ungu meyjar í Miðjum dal ber því örugt vitni, að hugur hennar hafi verið gagntekinn af umhugsuninni um Þorvarð Þórarínsson. Hún finnur undarlega sárt til með honum. Endurminningin um hið dapurlega útlit hins unga og ókunna höfðingja hefir skotið djúpum rötum í sál þessarar sextán ára stúlku. Hún ber óvildarhug til móttöðumanna hans. Það talar sínu máli, ekki síður en orð draumkonunnar: Nú er Þorvarði þröngt um hjarta. Og nú skiljum vér líka hvers vegna bóndinn á Höfðabrekku mælti til Flosa: Oftar hefir þú glaðari verið bóndi en nú.“ Á austanför sinni hefir Þorvarður verið merktur af kvíða og hugarstríði, jafnt á Höfðabrekku sem í Laugardalnum, er Jóreiður litla sá hann.

Nú vikur sögunni að öðrum vitrunum og markverðari í bókmentasögunni. Sunnudaginn þann 12. júlí 1255 var Þorleifur gamli Þórðarson úr Görðum staddur í Bæ hjá Böðvari bróður sínum. Dreymdi hann þá draum þenna:

„Eg þóttist vera staddur hér í Bæ, og þóttist ég sjá út á Borgarfjörð. Mér þótti skip mikið sigla utan eftir firðinum og leggja upp í Hvítá. Eg þóttist spyrja mann, er stöð hjá mér,

hver skip það myndi eiga, en hann segir að ætti Þorgils skarði. Eg þóttist sjá að flugu gneistar margir af skipinu, og þóttu mér sumir fljúga og dreifast hingað í Bæ, en sumir upp eftir Reykjadal og svo norður til fjalla sem menn máttu augu reka.“ Frásögn þessari svaraði Böðvar: „Það mun vera frændi fyrir veðrum.“ „En mér lízt ófríðlegt,“ anaði Þorleifur og hann reyndist getspakari. Gneistaflugið norður á fjöllin var fyrirboði norðurreiðar Þorvarðar og Þorgilsar að þeim Eyjólf og Hrafn.

Draum þenna hefir Böðvar úr Bæ sagt Þorvarði og Þorgilsa að Rauðsgili daginn eftir. Þar var við Þórður Hitnesingur, sem færði hann í letur. Njálühöfundur hefir einnig lagt sér draum þenna á minni, svo sem sjá má af frásögn hans um sýn Hildiglúms á Reykjum: Sunnudagsnóttina er 12 vikur voru til vetrar gekk Hildigunnur út og sá mann á gráum hesti koma að vestan. „Hann bar skjótt yfir og fór hann hart. Hann hafði loganda eldibrand í hendi. Hann kvað vísu þessa með mikilli raust:

Eg ríð hesti, hælugbarða
unngtoppa, ills valdanda.
Eldur er í endum, eitur er í miðju.
Svo er um Flosa ráð sem fari kefli.
Svo er um Flosa ráð sem fari kefli.

„Þá þótti Hildiglúmi hann skjóta brandinum austur til fjallanna fyrir sig, og þótti honum hlaupa upp eldur mikill í móti, svo að hann þóttist ekki sjá til fjallanna fyrir. — Síðan gekk hann inn til rúms síns og fékk langt óvit og rétti þó við úr því.“

Svo sem gneistaflugið norður um fjöllin átti að tákna atförina að Eyjólf Þorsteinssyni, er eldhafið austur við fjöllin fyrirboðinn um brennu Njals og sona hans. Og fyrirmyndina að óviti Hildiglúms, eftir að hann hafði séð undrariddarann, er ekki erfitt að finna. Rétt áður en fylkingar sigu saman á Þveráreyrum féll maður nokkur úr liði þeirra Þorvarðs í óvit: „Og er hann raknaði við, segir hann mönnum, að hann þóttist séð hafa fyrir liði þeirra Hrafn og Eyjólf þann óhreinan anda, er hann átti eigi stað, við að sjá, og því féll hann niður.“ Svo farast Þórði Hitnesing orð um þetta atriði.

Í þessu sambandi er þó langmerkilegast, að Njálühöfundur skuli láta Hildiglúm sjá sýnina sunnudagsnóttina, er 12 vikur voru til vetrar. Þorleif dreymdi einmitt draum sinn sunnudaginn 12 vikum fyrir vetur. Getur nú hver og einn sagt sér sjálfur, hvort þetta muni vera tilviljun einber. Nú vitum vér með óbyggjandi vissu, hvar hugur höfundar dvaldi, er hann skræði frásögn

sína af Hildiglúmi. Vers undrariddarans sýnir það einnig.

Þegar höfundur lætur riddarann kveða 12 vikum fyrir vetur Njalsbrennuárið: „Svo er um Flosa ráð sem fari kefli,“ er hann óvenjulega óheppinn. Það var öðru nær en ráð Flosa væri reykult eða á hverfanda hveli um þessar mundir. Hann keptist nú við sláttinn á Svínafelli, fastákvæðinn í því að taka Njálssonu af lífi að afloknum tögugjöldum. — En sunnudaginn 12 vikum fyrir vetur 1255 reið Þorvarður Þórarínsson norður um Bláskógaheiði. Um hans ráð var svo, sem færi kefli. Vonin um liðsinni frá mágafólkinu á Keldum og öðrum Sunnlendingum hafði brugðist. Brandur ábóti var nú að austan kominn og stefndi líka til móts við Þorgils skarða. Um afstöðu föðurbróður síns til stórræðanna vissi Þorvarður meira en vel. Nú var liðsveizlu Þorgilsar skarða síður að treysta. Undir þessum aðstæðum var alt á huldu um framgang mála Þorvarðs. Minningin um kvalræði óvissunnar á þessum degi og hið erfiða hlutskifti þeirra stunda knýr fram hendinguna í huga höfundarins: „Svo er um Flosa ráð, sem fari kefli.“

Það er nógu athyglisvert, að hestur undrariddarans er látinn vera údadrifinn eða votur. Kann-

Frh. á 4. síðu.

Barði Guðmundsson:

Regn á Bláskógaheiði.

Frh.

Ad aflokinni bænagerðinni í Kirkjubæ hélt Flosi ferð sinni áfram til brennunnar, svo sem hér segir: „Síðan stigu þeir á hesta sína og ríðu upp á fjall og svo til Fiskivatna og ríðu nokkuru fyrir vestan vötnin og stefndu svo vestur á sandinn — létu þeir þá Eyjafjallajökul á vinstri hönd sér — og svo ofan í Godaland og svo til Markarfljóts, og komu um nónskeið annan dag vikunnar á Prihyrningshálsa og biðu til miðaftans.“

Fyrir löngu hafa fræðimenn tekið eftir því, að ferðalýsing þessi er ótæk. Hvorki til Godalands né Fiskivatna gat Flosi nokkurt erindi átt, og þar að auki var hann að strekkja við það að komast á sem allra skemstum tíma til Prihyrningshálsa — sem eitt út af fyrir sig er nógu merkilegt atriði. Ekki virðist hann hafa óttast svo mjög njósnir eða skyndi-líðsafnað fjandmannanna. Þegar til Bergþórshvols kom fóru þeir sér að engu óðslega. Þeir komu þangað fyrir náttmál, og er nú bezt að nota orð höfundar sjálfs: „Dalur

var í hvolnum og ríðu þeir þangað og bundu þar hesta sína og dvöldust þar til þess er mjög leið á kvöldið.“ Þá fyrst hefja þeir Flosi árásina, og eftir að þeir höfðu brennt bæinn biðu þeir á staðnum fram á næsta dag og fóru því næst að eltast við Ingjald á Keldum um miðja byggð héraðsins.

Þegar höfundur lætur frá sér fara öll þessi býsn, dvelur hugur hans sýnilega aðeins að litlu leyti við Brennu-Flosa. Hugur hans hvarflar ekki á Fjallabaksvegi og framhjá Fiskivötnum Rangæinganna, heldur svifur andi höfundar yfir Arnarvatnsheiði og Fiskivötnum hennar. Hugsanatengslin leyndu sér hér ekki. Munum vér nú sjá hvað samleikur sálfræði og sögu megna, þótt í litlu sé.

Ad síðustu orðunum í lýsingunni af ferð Flosa um Fjallabaksveg hefi ég áður vikið. Hann kom á stefnumótsstaðinn um nónskeið á mánudaginn og beið eftir bandamönnum sínum nokkra hífð. Þessi ummæli sýndu oss, að hugur höfundar, er hann skráði frásögn þessa, dvaldi með Þor-

varði Þórarinssyni að Rauðsgili um nónskeið mánudaginn 13. júlí 1255. Maður skyldi nú ætla, að öll ferðasagan væri af líkum toga spunin. Og svo er það. Daginn eftir hélt Þorvarður ferð sinni áfram til móts við þá Eyjólf og Hrafn. Reið hann dagfari og náttfari norður um Arnarvatnsheiði, framhjá Fiskivötnum og kom morguninn eftir niður að Hvammi í Vatnsdal. Hugðist hann þar hremma Ásgrím Þorsteinsson, bróður Eyjólfs, sem ekki heppnast. Hafði Þorvarður hraðað svo mjög fór sinni, sökum þess að hann óttaðist að Ásgrím myndi undan bera. Nú þarf ekki frekar að óska skýringar á hraðferð Flosa um Fjallabaksveg og því síður á því áður óskiljanlega atriði, að höfundur skuli miða það ferðalag við Fiskivötn Suðurlandsöræfanna, sem á engan hátt gat snert þá sögu. Endurminningin um eigið ferðalag fram hjá Fiskivötnum Arnarvatnsheiðarinnar leiða huga höfundarins að samnefninu sunnlenska. — En hann vissi óglögt skil á legu þeirra Fiskivatna. — Hafi höfundurinn þökk fyrir það.

Hvað nú um önnur ferðalög Flosa. Þau eru þrjú sem nánar er greint frá og skulu öll að nokkru athuguð.

Fyrst er þá að tala um ferð Flosa heiman frá Svínafelli til alþingis eftir að hann frétti fall Höskulds mágs síns. Frá Svína-

felli reið Flosi til Kirkjubæjar. Þar sendi hann eftir Kolbeini Egilssyni burðarsyni sínum, „og kom hann þar“. Annars kemur sá maður ekki við sögu nema nafn hans er getið í sambandi við fund Flosa í Almannagjá. Frá Kirkjubæ reið Flosi til Höfða brekku, þar bjó Þorgrímur skrauti son Þorkels hins fagra. Flosi bað hann ríða til alþingis með sér.

— En hann játaði ferðinni og mælti til Flosa: „Oft hefir þú gladari verið bóndi en nú, og er þó nokkur vorkun á, þó að svo sé“. Þessa manns er hvorki fyr né síðar getið í Njálssögu. Frá Höfðabrekku reið Flosi um Arnarstakksheiði og kom á Sólheima um kvöldið. Þar bjó Loðmundur Úlfsson. Hann var vinur Flosa mikill. Flosi var þar um nóttina. En um morgunin reið Loðmundur með honum í Dal — og voru þar um nótt. Þar með er söguhlutverk Loðmundar þessa búíð. Daginn eftir borðaði Flosi hinn fræga dagverð hjá Hildigunni í Vörsabæ og reið síðan áfram til alþingis og er nú ekki greint frá gistingarstöðum hans á þeirri leið. Þeir koma síðar fram.

Það þarf nú ekki mikla skarp-skygni til þess að sjá, að ferðalýsing þessi á ekkert skylt við arfsagnir frá byrjun 11. aldar. Því hvernig mættu slík sundurlaus smáatvik varðveitast í minnum manna um 3 aldir. En bet-

ur sjáum vér þó hvernig í pottinn er búíð þegar sögunni vikur að líðsbónarferð Flosa austur um land eftir Njálsbrennuna.

Frá Njálsbrennu reið Flosi með alla sveit sína — eitt hundrað manns til Svínafells og sat allur hópurinn þar fram um jól og er nú ekkert fátast um heyrannir né önnur þarfaverk á búum. Er lokið var jólum mælti Flosi til sinna manna „Nú ætla ég að vér skulum fara heiman, því að mér þykir sem vér munum eigi setugrið hafa mega. Skulu vér nú fara í líðsbón“. — Síðan bjuggust þeir heiman áttir. Flosi var í leistabrokum því hann ætlaði að ganga. Vissi hann að þá myndi öðrum minna fyrir þykja að ganga. Þeir fóru heiman á Knappavöll, en annan áftur til Breiðár, en frá Breiðá til Kálfa-fells, þaðan í Bjarnarnes í Horna fjörð, þaðan til Stafafells í Lón, en þá til Þvottár til Síðu-Halls.

Öll þessi frásögn er ein samhangandi keðja af sönnunum fyrir því að hún sé Brennu-Flosa óviðkomandi. Það er sjálfgefið að Flosi átti ekkert erindi með 100 manna sveit til líðsbónar um vinsamleg héruð. 10 eða 20 manna fylgdarsveit hefði átt að nægja til þess að sína höfðingjaskap hans og þá hefði hann líklega getað farið ríðandi, sem meira var um vert. Og enn verður manni á að spyrja. Hvers vegna getur hann ekki útvegað

nægilega marga hesta til fararinnar? Auk þess skyldi maður ætla, að líðsmenn hans hefðu haft með sér hross. Það var sannarlega ekkert spaug að þvælast fótgangandi eftir krökaleiðum um hávetur frá Svínafelli allt norður að Hofi í Vopnafirði. En sleppum því. Samhengi þessa máls liggur fyrir, sem opin bók. — Hér ræðir ekki um ferðarupphaf heldur ferðarlok, sem von er til.

Þann 22. júlí 1255 var Þorvarður Þórarinsson staddur með sveit sína við Vatnsskarð eftir fjöggra vikna láttast ferðalag. Þangað hafði hann fylgt bandamanni sínum Þorgílsi skarda af Þve árfundi. Bað Þorgíls Þorvarð að fylgja sér vestur á land, en Þorvarður þóttist eigi til hafa hestakost og taldist undan alla vega að fylgja honum í Vestfjörðu segir söguritarinn sem sjálfur var viðstaddur. Skyldu þar leiðir þeirra og hélt nú Þorvarður heim til sín.

Þótt vér hefðum ekki haft þessa frásögn, getur hver og einn gert sér í hugarlund hvernig hestakosti Þorvarðar og sveitar hans hafi verið háttad á síðustu dagleiðunum austur að Hofi eftir fimm vikna hringsól um landið. Látum vera að hver þeirra hafi í upphafi haft tvo til reiðar svo sem Flosi í brennuferðinni. Samt sem áður má víst telja, að á Dimmafjallgarði hafi þeir Þorvarður ekki vakurt ríðið. Má

þeir að enn myndi svo vera. Gera þeir nú orð með ábóta, að þeir skuli finnast á grundinni hjá Þverá fyrir norðan og berjast til umskiftis, standa jafnframt og stelast hvorugir að öðrum. Fór ábóti nú ofan til þeirra Þorgilsar og segir, að eigi gangi sætt saman að þessum bōðum: Þeir buðu að berjast á Þveráreyrum til umskifta. — Kjōru þeir Þorgils heldur að berjast. Ábóti mælti: „Þann kjōsa nú hvorirtveggja sem ver gegnir.“

Líkt þessu kemst Njáll að orði á alþingi, er þrotin var von sátta milli Skarphēðins og Flosa: „**Mun það fram koma, sem öllum mun verst gegna.**“ Hvað veldur þessu tilfelli? Hefir hugur höfundarins, er hann ritaði um vígsmál Höskulds, dvalið svo ríkt við sáttaumleitanir þeirra Eyjólfss, að hann leggur Njáli í munn orð ábóta, svo sem hann minnst þeirra. Þegar vér gætum þess, að Flosi er látinn sætta sig við það, að leggja vígsmál Höskulds í gerð eða jafnaðardóm, vaknar sannarlega grunur um þetta. Þannig fór Þorvarði Þórarinssyni fyrir Þverárfund. Og grunurinn fær byr undir báða vængi, þegar þess ennfremur er gætt, að Eyjólfur Þorsteinsson setti sem skilyrði fyrir slíkri málsmeðferð: Engar héraðssektir né utanferðir. — Þegar gerðarmennirnir í Höskuldsmálinu höfðu sest á rökstóla, mælti Guðmundur ríki: Viljið þér

nokkuð héraðssektir gera eða utanferðir?“ „Engar,“ segir Snorri goði. Um slíkt var hægt að ræða í sambandi við vígsmál Odds Þórarinssonar, svo sem gert var, en tilsvár Snorra: að hvorki skuli koma utanferðir né héraðssektir fyrir dráp Höskulds, má manni blöskra. Það bætir lítið úr skák, þótt Snorri sé látinn rökstyðja **tíllögu** sína með orðunum: „Því það hefir oft ekki efnt, og hafa menn fyrir það drepnir verið.“ Það ásannaðist brátt, hvers virði rök þessi voru. Afhending manngjaldanna gat líka valdið friðarþjóllum. Svo varð að þessu sinni.

A því þingi, sem nú var rætt um, lætur Njáluhöfundur Snorra goða beina eftir farandi orðum að veganda Höskulds Hvítanessgoða: „Skammt get ég eftir þinnar ævi.“ Í Þórunnarey er þeir Þorgils og Þorvarður ræddu um sættahorfurnar, mælti Sturla Þórðarson á þessa leið: „Segir mér svo hugur um, að Eyjólfur muni **mjög** fyllt hafa sína lífdaga.“ Í báðum tilfellum rættist spásögnin bráðlega, í báðum tilfellum var hún hin sama, framsett undir nauðalikum aðstæðum og um tvo vegendur, sem felt höfðu fjandmenn sína á morgunarárinu eftir vökunótt. Nú fer man að öra fyrir því, hvers vegna Kári og Njálssynir fóru ekki úr fótum nóttina á undan vígi Höskulds, þótt þeir heldu

kyrru fyrir heima. Hugrenningatengsl höfundar láta hér ekki að sér hæða frekar en ásókn minninganna. Nóttina fyrir fall Odds Þórarinssonar var Eyjólfur Þorsteinsson og menn hans á ferðinni til Geldingaholts. Þeim var hvíldar varnað, en Njálssonum **ekki**.

Eftir að sáttaumleitanirnar í vígsmáli Höskulds voru farnar út um þúfur, „stefndi Flosi“ öllum sínum mönnum upp í Almanna-gjá og gekk þangað sjálfur. Þá voru þar komnir allir hans menn, og voru það tíu tygir manna.“ Svo greinir Njáluhöfundur frá, og er hér sérstaklega vert að hafa í huga líðsmanna-tölu Flosa. Hann heitir nú frændum Höskulds því: „að skiljast eigi fyrr við vígsmálið“ „en aðrir hvorir hníga fyrir öðrum.“ Snýr Flosi sér því næst að líðsmönnum sínum og segir: „Vil ég og það vita, **hvort nokkur er sá hér**, að oss vili eigi veita að þessu máli.“ — „Nú ef **nokkur er sá hér**, er mér vill eigi fylgja, segi hann til þessa nú,“ varð Þorvarði Þórarinssyni að orði, að því er sagt er — í ræðu, sem hann flutti fyrir líðsmönnum sínum þann 12. janúar 1258, og í ræðu sinni í Glæsibæ, daginn fyrir Þverárfund, notaði hann einnig orðatiltækið: ef **nokkur er sá hér**. Hljóðar setningin þannig: „En ef **nokkur er sá hér**, er það veit á sig, að **ekki** vill þerjast

þótt þurfi, þá segi sá nú heldur en síðar.“ — Um þetta merkilega atriði verður rætt á öðrum stað, þar sem grein skal gerð fyrir orðalíkingunum í ræðum Þorvarðar og Njálssögu. Þær eru bæði margar og mikilvægar og sýna ákjósanlega hver hafi skrifað Njálssöguna, — en ég hefi eigi þörf fyrir slíkar röksemdaleiðslur hér. Mun ég ná fyrirhuguðum áfangastað án þeirra og það von bráðar.

Áður en fundinum í Almanna-gjá sleit, skýrði Flosi líði sínu frá því, hvernig hann hefði fyrirhugað atferðina að Njálssonum. Fórust honum meðal annars svo orð: „Mun ég nú og ákveða hverja aðferð vér skulum hafa. Og er það mitt ráð, að hver maður ríði heim af þingi og sé um bú sitt í sumar, meðan töður manna eru undir. Ég mun og heim ríða og vera heima í sumar. En drottinsdag þann, er átta vikur eru til vetrar, þá mun ég láta syngja mér messu heima, og ríða síðan vestur yfir Lómagnúpsand. Hverr vor skal hafa tvo hesta. Ekki mun ég líð auka úr því sem nú hefir til eiða gengið, því að vér höfum það ærið margt, ef oss kemur það vel að haldi. Ég mun ríða drottinsdaginn og svo nóttina með. En annan dag vikunnar mun ég kominn á Þríhyrningshálsa fyrir miðjan aftan. Skuluð þér þá þar allir komnir, **er eiðsvarið** eru við þetta mál.“

það nú auðsætt vera að það voru ekki banamenn Skarphéðins, sem lögðu leið sína austur á land til Hofs í Vopnafirði fótgangandi með foringja sinn í fararbroddi á leistabrökum. Það voru sigurvegarnir frá Þverárfundi, að Eyjófi Þorsteinssyni föllnum. Og nú rennum vér grun í það í hverskonar buxum Njáluhöfundur hafi verið er hann kom heim til Hofs um mánaðamótin júlí—ágúst 1255.

Með það í huga sem nú hefir verið sagt má fara nærri um það hvernig málinu vikur við um gistingastaði Flosa. Það má sama segja um þá, sem leistabrækurnar og hugrenningar hans. Ekkert af þessu er sótt í gamlar áfrásagnir heldur í endurminninga heim höfundar sjálfs. Þegar hann hefir greint ítarlega frá liðsbónarleiðingrinum um Múlaþing, er þess góð að Flosi hafi á suðurleiðinni gisti að Bessastöðum í Fljótsdal. Þaðan fór hann upp dalinn, „suður á fjall um Óxarhraun og ofan Svíðinhornadal og út með Alftafirði vestan“ og til Þvottár. Þar dvaldi hann um hlið. Farast höfundur þannig orð um ferðalokin: „Flosi fór þá frá Þvottá. Og er ekki um hans ferð að tala fyr en hann kemur heim til Svínafells“.

Nú knýr forvitnin grimmilega á dyr, Hversvegna má ekki eins vel tala um gistingarstöðina á milli Þvottár og Svínafells nú

eins og á Austurleiðinni? Við þá voru engar frásagnir tengdar hvort eð var. Og hversvegna er Flosa gert hærra undir höfði enn öðrum persónum Njálssögu í því að telja upp slíkar runur gistingastaða á ferðum hans. Svörin eru þegar gefin. Frásögnin er mörkuð af endurminningunni um eigin reynd. Flosi og höfundur er **einn og sami maður**. En vegna þess að fyrirmundin í huga höfundar, er ferðalag hans um þessar slóðir, aðra en ekki báðar leiðirnar, er ekkert að „tala um“ gistingastöðina á heimleið Flosa. Það var búð að telja þá alla upp. Og dag fyrir dag má nú eftir Njálssögu rekja feril Þorvarðar Þórarínssonar með sveit sína frá Bessastöðum í Fljótsdal til Bláskógafeldar. Gistingarstaðirnir eru þessir: Geithellur, Þvottá Stafafell, Bjarnanes, Kálfafell, Brúða, Knappavöllur, Svínafell, Kirkjubær, Höfðabrekka, Sólheimar, Dalur. Nú stöldrum við ögn við og aðgætum frásöguna um ferð Flosa til brennumálsþingsins.

„Flosi reið austur og þeir tíu tugir manna, er að brennu höfðu verið með honum. Þeir riðu þar til er þeir komu til Fljótshlíðar. Skipuðu þá Siglússynir til þúa sinna og dvöldust þar um daginn. En um kvöldið riðu þeir vestur yfir Þjórsá og sváfu þar um nóttina“. Næstu nótt gistu þeir Flosi á Laugavatni og riðu

slíðan til Þingvalla. „Hafði Flosi látið tjalda Byrgisbúð, áður en hann riði til þings“.

Hér bætast þrjár gistingarstaðir við: Hjá Þjórsá, Laugarvatn, og Þingvellir. Svo sem vænta mátti, er að þessu sinni ekki geið um neinn gistingarstað á leiðinni frá Svínafelli til Rangárþings og ekkert skýrt frá ferðalaginu að austan fyr en kom á þær slóðir, þar sem fyrri ferðasöguna þraut. Er það sjálfgefið, að þetta er ekki frekar tilviljun heldur en það, að gistingarstaða getur ekki né annara viðburða á Heimferð Flosa frá Þvottá. Enda sýnir hundrað manna sveitin, sem Flosi hefir í eftirdragi, best, að fyrirmyndin að öllum ferðasögunum er ein og hin sama. Þar við bætist svo sú staðreynd, að Flosi er látinn leggja af stað frá Svínafelli í heindarferð sína á sunnudagsmorgni. — Gerum nú ráð fyrir, að Þorvarður Þórarínsson hafi farið þaðan á sunnudegi, er hann stefndi liði sínu austan til móts við Þorgils skarða. Mánudagsnóttina gistir hann á Kirkjubæ, bernskuheimili móður sinnar, þriðjudagsnóttina að Höfðabrekku, miðvikudagsnóttina að Sólheimum og riður daginn eftir í Dal. Þá mun hafa búð þar Ögmundur Helgason, móðurbróðir Þorvarðar, og ræðst hann til ferðar með honum. Föstudagsnóttina gistir flokkurinn á Þjórsárþökkum. Laugar-

dagsnóttina að Laugarvatni og sunnudagsnóttina í Byrgisbúð á Þingvöllum. Þá hafði alþingi verið slitið fyrir nokkru; en sökum þess að Þorvarðar var von að austan, hafa búðartjöldin ekki verið tekin niður. Þess vegna er Flosi látinn koma að búð sinni tjaldaðri.

Aðfaranótt mánudagsins gistir Þorvarður og hundrað manna sveit hans við Þverfell á vestanverðri Bláskógabeiði. Það er að segja á efstu bæjum Lundareykjadalsins. Benda ýms atriði til þessa. Þorvarður kemur niður að Rauðsgili í Reykholtsdal um nónskeið á mánudaginn, en ferð **herflokks á hestum** yfir Bláskógabeiði frá Þingvöllum til Rauðsgils mun taka alt að hálfu dægri. Á þessari leið koma ekki aðrir gistingarstaðir til greina en efstu bæir Lundareykjadalsins, nema úti sé legið. Og vér vitum enn fremur, að á sunnudagskvöldið reið Brandur ábóti niður að Lundi. Þar við bætist svo, að staðháttum á þessum slóðum er lýst með furðulegri nákvæmni í Njálssögu. — Þótt höfundur virðist annars vera ókunnugur á Vesturlandi.

Nú skal drepa á tvær stórmérkilegar málsgreinar í heimildunum. — Frásögn Njáluhöfundar um fundarhald Flosa í Almanna-gjá, er ráðin var aðförin að Njálssonum, **lýkur með svo feldum orðum**: „Flosi vildi eigi finna

pótt þurfi, þá segi sá nú heldur en síðar." — Um þetta merkilega atviki verður rætt á öðrum stað, þar sem grein skal gerð fyrir orðalíkingunum í ræðum Þorvarðar og Njálssögu. Þær eru bæði margar og mikilvægar og sýna ákjósanlega hver hafi skrifað Njálssöguna, — en ég hefi eigi þörf fyrir slíkar röksemdaleiðslur hér. Mun ég ná fyrirhuguðum áfangastað án þeirra og það von bráðar.

Áður en fundinum í Almanna-gjá sleit, skýrði Flosi líði sínu frá því, hvernig hann hefði fyrirhugað atvikin að Njálssonum. Föruð honum meðal annars svo orð: „Mun ég nú og ákveða hverja aðferð vér skulum hafa. Og er það mitt ráð, að hver maður ríði heim af þingi og sé um bú sitt í sumar, meðan töður manna eru undir. Ég mun og heim ríða og vera heima í sumar. En drottinsdag þann, er átta vikur eru til vetrar, þá mun ég láta syngja mér messu heima, og ríða síðan vestur yfir Lómagnúpssand. Hverr vor skal hafa tvo hesta. Ekki mun ég líð auka úr því sem nú hefir til eidda gengið, því að vér höfum það ærið margt, ef oss kemur það vel að haldi. Ég mun ríða drottinsdaginn og svo nóttina með. En annan dag vikunnar mun ég kominn á Þríhyrningshálsa fyrir miðjan aftan. Skuluð þér þá þar allir komnir, er eiðsvarið eru við þetta mál."

Ekkert af þessu hefir Flosi nokkru sinni sagt. Þótt ekki væri öðru til að dreifa en hinn miklu guðrækni, sem felst í ummælunum, væri óhætt að slá því föstu, að frásögnin á ekki við tíma Brennu-Flosa. En það vill nú svo vel til, að það má skýra hvernig ræðustúfur þessi er til orðinn frá upphafi til enda, og skal þá byrjað á niðurlagsorðunum.

Bandamenn Flosa úr Rangárþingi eiga að mæta honum á Þríhyrningshálsnum fyrir miðaftan mánudaginn, er 8 vikur eru til vetrar. Þeir koma á tilsettum tíma þen Flosi varð þó að bíða þeirra nokkra stund, því hann kom þangað um **nónskeið**. A herferð sinni til hefnda eftir mann Randalínar á Valþjófsstað kemur Þorvarður Þórarínsson til Rauðsgils í Reykholtssdal **um nónskeið** mánudaginn 13. júlí 1255. Hann varð eins og Flosi nokkru á undan bandamönnum sínum á stefnumótsstaðinn, en bíðin varð álika löng í báðum tilfellum á nákvæmlega sama tíma dags, og auk þess á mánudegi. Sá er aðeins munurinn, að Þorgils skarði og Þorvarður fundust mánudaginn fjórum vikum fyr að sumrinu en Flosi og bandamenn hans. Orsökina til þessa fráviks í hinn nákvæmu stælingu, má auðveldlega finna. Koma nú augljós hugrenningatengsl að nýju til sögunnar, svo sem ráða má af ræðustúfinum.

Þótt Flosi haldi ræðu sína nokkru fyrir túnaslátt og opinberí fyrir 100 manna sveit, að hann ætli að taka Njálssonu af lífi, ákveður hann þann tíma til aðfararinnar, er menn hafi hirt töðu sína. Því stefnir Flosi ekki að Njálssonum fyrir túnaslátt, úr því honum er svo átakanlega sárt um heyverkin, sem raun ber vitni um? Og hvaða máli hefði það eiginlega skift, þótt herferð til næsta héraðs væri farin um há-túnasláttinn, samanborið við þá áhættu, sem í því var fölgín að fresta svo lengi framkvæmd fyrirætlanarinnar? Það er ekki snæfill af skynsemi í þessari búmannshyggju Flosa. — En það var annar Svínfellingagóði, sem fékk að reyna, hve auðvelt það var að hafa herútbod rétt fyrir túnaslátt og bjóða mönnum upp á að vera frá búum sínum um hábjargræðistímam í sex vikur. Sá maður var Þorvarður Þórarínsson, sumarið 1255. Ég segi það hiklaust strax: Hugur þessa manns dvaldi svo ákaft við eigin reynslu, er hann samdi ræðu Flosa, að hann lætur Flosa fara í brennuferina að aflokinni túnahirðingu. Þess vegna lætur hann einnig Skarphéðinn bíða bana mánudaginn, er 8 vikur voru til vetrar, en eigi mánudaginn þann 20. júlí, er bóndans frá Valþjófsstað var hefnt. Af sömu ástæðu var þess heldur ekki kostur, að Frh. á 4. síðu.

dagsnóttina að Laugarvatni og sunnudagsnóttina í Byrgisbúð á Þingvöllum. Þá hafði alþingi verið slitið fyrir nokkru; en sökum þess að Þorvarðar var von að austan, hafa búdartjöldin ekki verið tekin niður. Þess vegna er Flosi látinn koma að búð sinni tjaldaðri.

Aðfaranótt mánudagsins gistir Þorvarður og hundrad manna sveit hans við Þverfell á vestanverðri Bláskógaheiði. Það er að segja á efstu bæjum Lundareykjadalsins. Benda ýms atriði til þessa. Þorvarður kemur niður að Rauðsgili í Reykholtsdal um nónskeið á mánudaginn, en ferð **herflokks á hestum** yfir Bláskógaheiði frá Þingvöllum til Rauðsgils mun taka alt að hálfu dægri. Á þessari leið koma ekki aðrir gistingarstaðir til greina en efstu bæir Lundareykjadalsins, nema úti sé legið. Og vér vitum enn fremur, að á sunnudagskvöldið reið Brandur ábóti niður að Lundi. Þar við bætist svo, að staðháttum á þessum slóðum er lýst með furðulegri nákvæmni í Njálssögu. — Þótt höfundur virðist annars vera ókunnugur á Vesturlandi.

Nú skal drepa á tvær stórmérkilegar málsgreinar í heimildunum. — Frásögn Njálühöfundar um fundarhald Flosa í Almanna-gjá, er ráðin var aðförin að Njálssonum, **Iýkur með svo feldum orðum**: „Flosi vildi eigi finna

Hall mág sinn, því að hann þóttist vita, að Hallur myndi letja allra stórvirkja.“ — Í Þorgilssögu er þannig greint frá komu Brands ábóta til móts við þá Þorgils og Þorvarð að Rauðsgili. „En er þeir höfðu talað um hrif, kom þar ríðandi Brandur ábóti og með honum Böðvar úr Bæ, mágur hans; voru þeir fimm saman. Tóku menn við honum blifðlega. Ábóti var fár við Þorgils; þótti honum illa, er hann hafði farið með skari nokkuru að Böðvari í Bæ. **Ábóti hafði vitað ferð Þorvarðs.**“

Hvernig getur nú söguritaranum dottið slíkt í hug, að **taka það fram**, að Brandur ábóti, föðurbróðir Þorvarðar og búsettur austur í Þykkvabæ í Veri hafi vitað um herferð frænda síns. Á þessu atriði er aðeins ein skýring til. Orðin þýða: Brandur ábóti hafði komist að hernaðarfyrirætlun Þorvarðar. Þóður Hítningur veit, að Þorvarður hafði haft í hyggju að leyna Brand fyrirætlun sinni. Þess vegna kemst hann svo einkennilega að orði í sögunni. — Og ástæða Þorvarðar til þessa háttalags er gefin í Njálumálsgreininni: „Hann þóttist vita, að Hallur myndi letja allra stórvirkja,“ enda rendi Þorvarður ekki blint í sjóinn. Ábóti lagði eindregið á móti hinni fyrirhuguðu herferð, „og kvaðst fullkomlega vilja letja fararinnar; mun hér mörgum

manni saklausum vera misgert í þessari ferð, svo að ósæmilegt er, að ég leggi samþykki til.“

Af Njálssögu má nú ráða, hvar þeir frændur, Þorvarður og Brandur, hafi hittast á leiðinni að austan. Er Flosi reið á Brennumálsþingið fundust þeir Hallur á Beitivöllum og ríðu þaðan saman til alþingis. Gegnir það furðu, að Flosi, þannig sem á stóð, skyldi ekki biða Halls og Austfirðinganna, áður en hann lagði leið sína yfir héröð fjandmannanna í Rangár og Árnesþingi. — En nú er gefin skýring á þessu atriði, eins og svo mörgum öðrum dularfullum fyrirbrigðum Njálssögunnar. — Endurminningar höfundar sjálfs úr eigin lífi ráða mestu um efnismæðferð hans.

Þar eð vér þekkjum komudag Þorvarðar til Rauðsgils, sýnir hin óslitna röð gistingarstaða Flosa frá Fljótsdalshéraði til alþingis oss hvaða dag Þorvarður hafi lagt af stað að austan. Laugardagsmorguninn hinn 28. júní hefir hann farið frá Bessastöðum og náð fram til Geithellna um kvöldið eða nóttina. Vegna hinnar löngu og erfiðu dagleiðar kemst hann næsta dag ekki lengra en til Þvottár og gistir þar mánudagsnóttina. Frá Svínafelli fer hann sunnudagsmorguninn 5. júlí. — Fjórum dögum síðar, eða þann 9. júlí, hefir hann Frh. á 4. síðu.

REGN Á BLÁSKÓGAHEIÐI.

Frh. af 3. síðu.

ske er fyrirmyndin sótt til Hrimfaxa goðasagnanna. Eðlilegust er samt sú ætlun, að hugmyndin um vothærða hestinn sé einnig bundin við endurminningarnar frá ferðalaginu um Bláskógaheiði. Hugur höfundarins reikar vissulega á þeim slóðum, er vísan verður til í huga hans. — Og nú er það svo, að á Lundi í Reykjadal syðri gistir Brandur ábóti nóttina næstu. Þegar ekki ræðir um leiðarlok, er bær þessi eini gistingarstaðurinn, sem Njáluhöfundur getur um á Vesturlandi. Þangað ridu þeir eitt sinn frá Þingvöllum, bræðurnir Höskuldur og Hrútur, til gistingar. „Regn hafði verið mikið um daginn og höfðu menn orðið votir,“ segir Njáluhöfundur. Þegar þessa er alls gætt, segir mér hugur um það — að sunnudaginn þann 12. júlí 1255 — hafi sem oft endrarnær — verið **regn á Bláskógaheiði.** —

Söngfélagið Harpa

biður alla félaga sína að mæta í pósthúsinu mánudaginn 1. maí kl. 5 stundvíslega. Það er mjög áriðandi að allir komi.

tíma og laugardagurinn 30. september endar einni klukkustund eftir miðnætti samkvæmt tíma-reikningi þeim, sem ákveðinn er með þessari reglugerð.

ysis-

skýrslur.

m atvinnuleysissskýrslur fer
nulausra sjómanna, verka-

Komið, símið sendið!

Verzlunin

BREKKA

Ásvallagötu 1. Sími 1678.

Bergstaðastræti 33. Sími 2148.

REGN Á BLASKÓGARHEIÐI.

Frh. af 3. síðu.

vað. Er nú fróðlegt að athuga frásögn Njáluhöfundar um komu Flosa þangað.

Frá Vörsabæ ríður Flosi til Holtsvaðs og bíður þar vana sína. Nú kemur Keldnabóndinn Ingjaldur til sögunnar. Eftir honum hafði Flosi sent boð. „Ingjaldur fór þegar við hinn fimtánda mann. Þeir voru allir heimamenn hans. Ingjaldur var mikill maður og styrkur. Fálátur var hann jafnan heima og hinn hraustasti karlmaður og fédrengur góður við vini sína. Flosi fagnaði Ingjaldi vel og mælti til hans: Mikill vandi er nú kominn að hendi oss, og er nú vont úr að ráða. Bið ég þig þess, mágur, að þú skilist eigi við mitt mál fyrr en yfir líkur vandræði þessi. Ingjaldur mælti: „Við vant er ég kominn fyrir tengda sakir við Njál og sonu hans og annara stórra hluta, er hér hvarfa í milli.

Leiðrétting

í neðanmálgrein Barða Guðmundssonar: Regn á Bláskógarheiði í blaðinu í gær hafa orðið þessar prentvillur. 2. dálkur: orðin „að ég vil“ hafa fallið niður. 3. dálkur létt að verðleikum á að vera lítt að verðleikum. 4. dálkur friðaræðum á að vera friðarorðum. Hvítnesingur á að vera Hítnesingur.

Flosi mælti: Það ætlaði eg, þá er eg gifti þér bróðurdóttur mína, að þú hétir mér því, að veita mér að hverju máli. Það er líkast segir Ingjaldur, að eg geri svo. En þó vil ég nú ríða heim fyrst og þaðan til þings.“

Það fer naumast hjá því, að samræða þessi sé sannsöguleg í meginatriðunum. En hún hefir ekki farið fram á milli Flosa og Ingjalds á Keldum, heldur Þorvarðar og Hálfðánar á Keldum. Að þessu sinni lætur höfundur Hálfðán birtast í Ingjaldi bónda, og er orsökkin auðskýrð. Afstöðu Hálfðánar til vígsmáls Odds Þórarinssonar hefir höfundur ekki viljað sleppa í frásögn sinni, en hér gat ekki Njáll komið fram á sjónarsviðið. Frh. á morgun.

Útbreiðið Alþýðublaðið!

REGN A BLASKÓGARHEIÐI.

Frh. af 3. síðu.

láta Flosa og Sigfússonu hittast á stefnumótsstaðnum á sama degi sumars, sem Þorgils og Þorvarður. **Vikudagsheitið og dagstundin varð hér að nægja.**

Það skiftir minstu máli, hvort menn hallast að þessari einföldu sálfræðilegu skýringu eða trúá einhvern dulrænan anda, sem hafi stýrt hendi Njálühöfundar, er hann setti saman ræðu Flosa Sannanagögnin fyrir því, að Þorvarður Þórarinsson hafi skrifað Njálssögu, eru meir en nógu mörg, og má nú næst athuga frásögnina um brottför Flosa til Brennunar: — „Flosi lét sne nma veita sér tíðir drottinsdaginn, en síðan gekk hann til borðs. Hann sagði fyrir öllum heimamönnum sínum, hvað hver skyldi starfa meðan hann væri burtu. Síðan gekk hann til hesta sinna. — Þeir Flosi ridu vestur á Sand. — Þeir ridu vestur til Skógahverfis og komu í Kirkjubæ. Flosi bað alla menn koma til kirkju og biðjast fyrir. Menn gerðu svo.“

Hinn hálfheiðni og efalaust prestslausí Brennú-Flosi lætur veita sér tíðir snemma um morguninn, og sú guðrækni nægir honum ekki þann daginn. Þegar komið var til Kirkjubæjar biður hann alla menn sína að biðjast fyrir. Þetta skeður sunnudaginn fyrir Njálsbrennu. Sunnudaginn fyrir Þverárfund kom Þorvarður Þórarinsson til Glæsibæjar í Kræklingahlíð með líð sitt. Hann mælti þá til manna sinna: „Vil ek nú þess biðja, að hver maður syngi Pater noster þrem sinnum, og biðjum þess, að guð gefi oss gott ráð, og geymi hver sín en guð allra.“ — Svona atríði þarf engrar skýringar við, og í raun og veru má segja hið sama um það, að Flosi hafi sagt heimamönnum sínum fyrir verkum, áður en hann lagði af stað. Ekki var túnasláttarönnunum nú til að dreifa. því Flosi frestaði ferðinni til þess að þurfa ekki að taka menn frá töðunni. Og hversvegna tekur þá Flosi ekki með sér heimamenn sína í hina tiltölulega stuttu ferð til Bergþórshvols. Það er sannarlega undrunarverður búskaparáhugi hjá honum, þannig sem á stóð. Þessi frásögn hæfir ekki Flosa, heldur höfundí Njálssögunnar, sem bjó sig að heiman í sex vikna ferðalag rétt fyrir túnasláttinn. Hann varð að skilja eftir húskarla á heimili sínu til forverkanna. Svona rígbundinn er höfundurinn af minningunum úr eigin reynd, er hann lýsti ferðum Flosa. Frh. á morgun.